

Líf og list



Umsjón:
Katrín Pálsdóttir



Órn Þorsteinsson formaður sýningarnefndar (t.v.) ásamt Magnúsi Kjartanssoni myndlistarmanni. Vísimynd GVA.

Haustsýning FÍM

„Við vonuðumst eftir fleiri félögum í FÍM á þessa sýningu, en þeir eru 18 sem sýna hér. Skýringin getur verið sú að mikið hefur verið um einkasýningar undanfarið“, sagði Órn Þorsteinsson formaður sýningarnefndar Félags íslenskra myndlistarmanna, en haustsýning þess hefur verið opnuð að Kjarvalsstöðum.

Til sýningarnefndar bárust 258 verk eftir 54 höfundum. Valdar voru 133 myndir eftir 45 höfundum og þar af er 81 verk eftir félaga í FÍM. Atján myndlistarmenn sem ekki eru í FÍM sýna 54 myndverk að Kjarvalsstöðum.

Elsti myndlistarmaðurinn sem sýnir verk sín á haustsýningunni að þessu sinni er Sigurður Thoroddsen en hann er á nírræðisaldri. Sá yngsti er um tívugt. Á sýningunni eru myndir t.d. eftir Hring Jóhannesson, Magnús

Kjartansson, Eirík Smith, Sigrúnu Guðjónsdóttur, Egil Eðvarðsson, Brynhildi Ósk Gísladóttur, Sigurjón Jóhannsson og Sigurð Eyþórsson. Sýningin er opin sýningardaga frá klukkan 14 til 22 en henni lýkur sunnudaginn 23. september. Félag íslenskra myndlistarmanna hefur ákveðið að bjóða á hugamönnum um myndlist að gerast styrktarfélagar. Argjald styrktarfélaga er 30 þúsund krónur og fá styrktarfélagar ókeypis aðgang að samsýningum félagsins. Einnig fá þeir afslátt af myndverkum.

— KP



Morten Lange

HÁSKÓLA-PÓLÍTÍK

Morten Lange fyrrverandi rektor Hafnarháskóla heldur fyrirlestur í Norræna húsinu á miðvikudag klukkan 20.30. Fyrirlesturinn fjallar um háskólapólitik vorra tíma.

Lange varð prófessor í grasfræði við Hafnarháskóla árið 1958, en tók við stöðu rektors og gegndi henni þar til á þessu ári. Auk starfa síns við háskólann hefur hann tekið virkan þátt í dönsku stjórnmalalífi. Hann stóð að stofnun Socialistisk Folkeparti og sat í miðstjórn og framkvæmdastjórn flokksins í mörg ár.

—KP.


Þjóðleikhúsið 30 ára: FIMMTÁN NÝJAR SÝNINGAR

Gestum Þjóðleikhússins verður boðið upp á fimmtán nýjar leiksýningar á þessu leikári, auk þeirra verka sem tekin verða upp að nýju.

Þjóðleikhúsið á þrjátíu ára afmæli á þessu leikári og afmælisýningin verður leikritið Smalastúlkan eftir Sigurði málará Guðmundsson í leikgerð Þorgeirs Þorgeirssonar. Frumsýnt verður í apríl og leikstjóri verður Þórhildur Þorleifsdóttir. Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins verður að þessu sinni nú síðast í september. Hér er um að ræða verk Tennessee Williams, Leiguhjallur. Þýðinguna hefur Indriði G. Þorsteinsson gert, en leikstjóri er Benedikt Arnason. Leikmynd er eftir Sigurjón Jóhannsson. Gamaldags kómédia eftir Alexei Arbúzov verður frumsýnd fyrripart október. Eftirgar eru hafnar fyrir nokkru á jólaóperu Þjóðleikhússins sem er Orfeus og Evrídís eftir Gluck. Þýðandi er Þorsteinn Valdimarsson. Frumsýnt verður á annan dag jóla. Af öðrum sýningum á stóra sviðinu má nefna Tveir Farsar eftir Dario Fo og George Feydeau og Sumargestir eftir Maxim Gorki. Að ógleymdu barnaleikriti Guðrúnar Helgadóttur Óvitum. Á litla sviðinu verður einnig boðið upp á margt gott á þessu

leikári. Nýtt verk eftir Ninu Björk Arnadóttur, Hvað sögðu englarnir, verður frumsýnt í október. Leikstjóri er Stefan Baldursson, en leikmynd er eftir Þórunni S. Þorgrímsdóttur. Þá verður tekið til sýninga verk eftir Jökul Jakobsson, sem heitir í öruggri borg. Snjór nefnir Kjartan Ragnarsson nýtt leikrit, sem einnig verður sýnt á Litla sviðinu í vetur. Þá verður og í gangi þar sýning sem eflaust vekur forvitni margra. Það eru japanskir einþáttungar í þýðingu Helga Hálfánarsonar. Leikstjóri er Haukur J. Gunnarsson, sem er eini leikstjórinn sem við eigum sem er menntaður í Japan auk þess sem hann lauk prófi frá Bretlandi í leikhúsræðum. Teknar verða upp sýningar af fyrra leikári, en það eru Stundarfriður eftir Guðmund Steinsson og einnig verður Frök en Margrét enn á fjölnum, en sýningar eru nú farnar að nálgast hundrað. Það er Herdís Þorvaldsdóttir sem stendur ein á sviðinu allan tímann í hlutverki Margrétar.

— KP.




Sýningar á Fröken Margréti verða teknar upp aftur á nýbyrjuðu leikári Þjóðleikhússins. Sýningar eru nú að nálgast hundrað og ekkert lát á aðsókn. Það er Herdís Þorvaldsdóttir sem fer með hlutverk Margrétar.

Norræna húsið: Sænskur vísnaðsöngur

Sænskur vísnaðsöngur og söngvari Alf Hambe verður gestur Norræna hússins í kvöld klukkan 20.30.

Hambe er nú meðal þekktustu sænskra listamanna á þessu sviði og hefur komið fram á Norðurlöndum og í Þýskalandi. Hann er ekki einungis skáld, en að góðum og gömlum sænskum síð samtímis tónskáld og flytjandi vísna og lagasmíða sinna.

Vísur Hambe og annar skáldskapur hefur komið út á Norðurlöndum, fyrst árið 1962.



Alf Hambe syngur vísur eftir sjálfan sig í Norræna húsinu.

—KP.